# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1961

REYKJAVÍK 1962

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

# EFNISYFIRLIT

Bls.

**Skýrsla bankastjórnar** ........................ 5

1. Þróun efnahagsmála

Inngangur ........................................ 5
Stefnan í efnahagsmálum, gengisbreyting ............. 6
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða .................... 8
Peningamálin ...................................... 11

2. Starfsemi Seðlabankans

Ný lög um Seðlabankann ............................ 18
Reikningshreyfingar Seðlabankans .................... 19
Rekstur og hagur .................................. 21
Seðlavelta ........................................ 26
Vaxtakjör ......................................... 26
Gengisskráning .................................... 27
Stofnlánadeild sjávarútvegsins ........................ 27

**Reikningar 1961** ........................... 31

Seðlabanki Íslands

Bankastjórn ....................................... 40
Bankaráð .......................................... 41
Helztu starfsmenn .................................. 42

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## 1. Þróun efnahagsmála

*INNGANGUR.* Árið 1961 hefur, þegar á allt er litið, reynzt þjóðarbúskap Íslendinga hagstætt þrátt fyrir ýmis áföll, sem hann hefur orðið fyrir. Vetrarvertíðin var óhagstæð víða, sérstaklega fyrir sunnan land. Jafnframt átti togaraflotinn við sífellt aflaleysi að stríða allt árið, og var heildarafli togaranna ekki nema 46% af meðalafla áranna 1957—1959. Auknar siglingar togaranna og hagstætt verð, sem oft fékkst á erlendum mörkuðum, bætti hér nokkuð úr skák, en nægði þó á engan hátt til að bæta upp aflabrestinn, enda urðu margir togarar að hætta rekstri á árinu, en aðrir söfnuðu miklum lausaskuldum vegna taprekstrar.

Á móti þessum erfiðleikum kom stóraukin síldveiði, bæði á sumarvertíð fyrir norðan land og austan og haustvertíð fyrir Suðvesturlandi. Má þakka þennan aukna afla að verulegu leyti nýrri veiðitækni, sem vaxandi fjöldi báta hefur tekið upp og vonir standa til að geri síldveiðarnar að árvissari atvinnugrein en reyndin hefur verið áður fyrr. Verðlag á síldarafurðum batnaði einnig á árinu frá því, sem var 1960, sérstaklega hækkaði verð á síldarmjöli, og hagstæðir samningar tókust um sölu á miklu magni af saltsíld. Aftur á móti lækkaði verð á síldarlýsi mjög og hefur aldrei verið eins lágt og nú síðan fyrir síðustu styrjöld. Þegar á heildina er litið, hefur verð á útflutningsafurðum batnað verulega á árinu 1961, en það nægði þó ekki til fulls til að bæta upp þær verðlækkanir, sem áttu sér stað á árinu 1960.

Heildarfiskaflinn á árinu 1961 var samkvæmt bráðabirgðatölum 634 þús. tonn á móti 514 þús. tonnum 1960, og er þetta mesti ársafli, sem orðið hefur. Verðmæti aflans jókst hins vegar ekki að sama skapi, þar sem aflaaukningin stafaði svo að segja eingöngu af auknum síldarafla. Áætlað er, að heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1961 hafi numið nærri 3.000 millj. króna á móti 2.628 millj. kr. 1960 og 2.838 millj. kr. 1959, og eru þá allar tölurnar umreiknaðar til sama verðs og þess gengis, sem nú er í gildi.

Um framleiðslu annarra atvinnuvega liggja enn ekki fyrir miklar tölulegar upplýsingar. Þó er ljóst, að um verulega framleiðsluaukningu í landbúnaði var að ræða, og jókst mjólkurframleiðslan um 8% og framleiðsla kinda-




*Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum.*

kjöts um 13%. Einnig bendir allt til þess, að framleiðsla í iðnaði hafi verið jafnmikil eða jafnvel heldur meiri en árið 1960, t. d. jókst framleiðsla sements um 4% og köfnunarefnisáburðar um 2%. Af þessu virðist óhætt að draga þá ályktun, að heildarverðmæti þjóðarbúsins á árinu 1961 hafi aukizt allverulega, en of snemmt er að gera um það ákveðna áætlun á grundvelli þeirra talna, sem nú liggja fyrir.

*STEFNAN Í EFNAHAGSMÁLUM, GENGISBREYTING.* Um áramótin 1960—1961 hafði náðst sæmilegt jafnvægi í efnahagsmálum, bæði inn á við og út á við, þótt árangurinn af efnahagsráðstöfununum í febrúar 1960 yrði ekki eins mikill og skyldi á því ári vegna óhagstæðra ytri aðstæðna. Í desemberlok 1960 var þó talið tímabært að lækka vexti almennt um 2%, en að öðru leyti var mörkuð svipuð stefna í peningamálum á árinu 1961 og fylgt hafði verið árið áður. Var nauðsynlegt að leggja megináherzlu á það á árinu að tryggja það jafnvægi, sem náðst hafði, auka gjaldeyrisforðann og styrkja aðstöðu þjóðarbúsins út á við.

Ný viðhorf sköpuðust í efnahagsmálum um vorið, þegar kom til víðtækra kaupdeilna, sem leiddu til verkfalla, er lömuðu mikinn hluta efnahagsstarfseminnar í rúman mánuð. Tilraunir til að leysa þessar deilur með hóflegum kauphækkunum urðu að engu, og að lokum var yfirleitt samið um 14—17% kauphækkanir auk 4% hækkunar, er koma skal til framkvæmda um mitt ár 1962. Ekki leið langur tími frá lokum verkfallanna, áður en svo að segja allir launþegar höfðu náð samningum um hliðstæðar hækkanir.

Það var frá upphafi ljóst, að þessar




*Endurkeyptir víxlar.*

kaupgjaldshækkanir voru mun meiri en það, sem atvinnuvegirnir gátu risið undir vegna aukinna afkasta. Áhrif þeirra hlutu því einkum að koma fram með tvennu móti. Annars vegar hlutu þær að hafa í för með sér versnandi afkomu útflutningsatvinnuveganna og leiða að lokum til samdráttar í ýmsum greinum þeirra. Hins vegar var fyrirsjáanlegt, að hin mikla tekjuaukning, sem af kaupbreytingunum leiddi, mundi koma fram í aukinni eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri. Hvort tveggja mundi því þetta verða til þess að spilla því jafnvægi, sem náðst hafði í viðskiptum þjóðarbúsins út á við, og valda nýrri verðbólgu.

Til þess að koma í veg fyrir þessa þróun ákvað ríkisstjórnin, að breyting á gengi krónunnar væri óumflýjanleg, og eftir að hafa rætt málið við bankastjórn Seðlabankans, gaf hún út bráðabirgðalög 1. ágúst, þar sem Seðlabankanum var falið að ákveða gengi íslenzku krónunnar, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Hinn 3. ágúst ákvað bankastjórn Seðlabankans nýtt stofngengi krónunnar, 43 krónur hver bandarískur dollar, er var 11,6% lækkun frá því gengi, sem áður var í gildi.




*Aðstaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum og verðbréfaeign Seðlabankans.*




*Aðstaða banka, sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana gagnvart Seðlabankanum.*

Bankastjórn Seðlabankans var þeirrar skoðunar, að eina færa leiðin til þess að leysa úr þeim vanda, sem kauphækkanirnar sköpuðu, væri breyting á genginu, ef forðast átti samdrátt í efnahagslífinu eða endurhvarf til hafta- og uppbótakerfisins. Jafnframt taldi hún mikilvægt, að gripið væri til gagnráðstafana strax, en ekki látið reka á reiðanum, unz gjaldeyrisskortur eða stöðvun útflutningsframleiðslunnar krefðist nýrra aðgerða. Mundi slíkur dráttur óhjákvæmilega hafa valdið erfiðleikum og gefið spákaupmennsku byr undir báða vængi.

Með gengisbreytingunni og þeim ráðstöfunum, sem henni fylgdu, tókst að koma að mestu í veg fyrir þær óhagstæðu afleiðingar, sem kauphækkan-




*Mótvirðisfé og geymslufé.*

irnar hefðu ella haft á þróun efnahagsmála, enda var til þeirra gripið, áður en truflandi áhrif voru farin að koma fram, svo teljandi væri, í gjaldeyrisstöðu bankanna eða starfsemi atvinnuveganna. Jafnframt varð ekki komizt hjá, að kauphækkanirnar og gengislækkunin hefðu skjót og víðtæk áhrif á allt innlent verðlag, enda hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 10,6% á tímabilinu frá júní til desember. Svo miklar verðhækkanir hljóta ætíð að hafa í för með sér nýja hættu á þenslu og aukinni eftirspurn, bæði vegna fjárfestingar og neyzlu. Sérstök vandamál skapast, vegna þess að atvinnuvegirnir þurfa á að halda auknu rekstrarfé vegna hærri tilkostnaðar og vöruverðs, og veldur það nýrri eftirspurnaröldu eftir lánsfé úr bankakerfinu. Er af þessum sökum þörf sérstaks aðhalds og gætni í útlánum bankanna til þess að koma í veg fyrir útlánaþenslu, samfara því sem atvinnuvegunum sé þó séð fyrir þeirri rekstrarfjáraukningu, sem er nauðsynleg til þess að halda uppi eðlilegri framleiðslustarfsemi í landinu.

*GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISSTAÐA.* Mikil breyting til batnaðar varð á stöðu þjóðarbúsins út á við á árinu 1960. Það kom hins vegar ekki fram í bættum greiðslujöfnuði við útlönd á því ári vegna hins gífurlega mikla skipainnflutnings, sem þá átti sér stað. Áframhald varð á þessari hagstæðu þróun á árinu 1961, en jafnframt batnaði greiðslujöfnuðurinn mjög verulega bæði vegna aukins útflutnings og minni innflutnings á skipum og flugvélum.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 130 millj. kr. á árinu 1961, en um 798 milljónir á árinu 1960, en innflutningur skipa og flugvéla nam 596 millj-




*Sparifé.*

# *1. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.*

| Í þús. kr. | Erl. bankar, verðbréf og mynt, nettó (1) | Víxlar og aðrar innheimtur á útlönd (2) | Skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (3) | Skuld við Evrópusjóðinn (4) | Staða í frjálsum gjaldeyri samtals (5) | Staða í vöruskiptagjaldeyri (6) | Gjaldeyrisstaða samtals: Skv. gengi á hverjum tíma (7) | Gjaldeyrisstaða samtals: Umreiknað skv. núverandi gengi (8) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1955 .. | 66.031 | 61.837 | — | — | 127.868 | ÷ 19.521 | **108.347** | 286.144 |
| Árslok 1956 .. | 67.518 | 27.919 | — | — | 95.437 | ÷ 33.372 | **62.065** | 163.914 |
| Árslok 1957 .. | 9.989 | 22.378 | — | — | 32.367 | ÷ 17.813 | **14.554** | 38.437 |
| Árslok 1958 .. | 100.887 | 7.293 | — | — | 108.180 | ÷ 21.651 | **86.529** | 228.523 |
| 1959: | | | | | | | | |
| Janúar .... | 85.362 | 8.552 | — | — | 93.914 | ÷ 26.605 | **67.309** | 177.763 |
| Febrúar ... | 82.033 | 9.642 | — | — | 91.675 | ÷ 431 | **91.244** | 240.975 |
| Marz ...... | 64.423 | 10.482 | — | — | 74.905 | ÷ 7.747 | **67.158** | 177.364 |
| Apríl ...... | 58.949 | 11.520 | — | — | 70.469 | ÷ 11.762 | **58.707** | 155.045 |
| Maí ....... | 40.871 | 13.038 | — | — | 53.909 | ÷ 19.004 | **34.905** | 92.184 |
| Júní ....... | 54.165 | 6.212 | — | — | 60.377 | ÷ 46.573 | **13.804** | 36.456 |
| Júlí ....... | 28.786 | 11.123 | — | — | 39.909 | ÷ 23.954 | **15.955** | 42.137 |
| Ágúst ...... | 7.167 | 8.382 | — | — | 15.549 | ÷ 24.368 | ÷ **8.819** | ÷ 23.291 |
| September . | ÷ 19.437 | 7.760 | — | — | ÷ 11.677 | ÷ 35.774 | ÷ **47.451** | ÷125.318 |
| Október ... | ÷ 12.954 | 7.013 | — | — | ÷ 5.941 | ÷ 6.094 | ÷ **12.035** | ÷ 31.784 |
| Nóvember . | ÷ 16.003 | 10.332 | — | — | ÷ 5.671 | ÷ 29.657 | ÷ **35.328** | ÷ 93.301 |
| Desember .. | ÷ 46.389 | 5.986 | — | — | ÷ 40.403 | ÷ 14.031 | ÷ **54.434** | ÷143.760 |
| 1960: | | | | | | | | |
| Janúar .... | ÷ 70.475 | 4.747 | — | — | ÷ 65.728 | ÷ 25.980 | ÷ **91.708** | ÷242.201 |
| Febrúar ... | ÷104.628 | 9.479 | ÷107.281 | — | ÷202.430 | 11.173 | ÷**191.257** | ÷216.120 |
| Marz ...... | 145.934 | 22.889 | ÷107.815 | ÷190.000 | ÷128.992 | 87.285 | ÷ **41.707** | ÷ 47.129 |
| Apríl ...... | 153.748 | 50.074 | ÷107.943 | ÷190.000 | ÷ 94.121 | 134.756 | **40.635** | 45.918 |
| Maí ....... | 196.996 | 62.016 | ÷184.134 | ÷190.000 | ÷115.122 | 154.654 | **39.532** | 44.671 |
| Júní ....... | 239.731 | 88.407 | ÷184.134 | ÷266.000 | ÷121.996 | 156.860 | **34.864** | 39.396 |
| Júlí ....... | 190.124 | 76.345 | ÷184.134 | ÷266.000 | ÷183.665 | 132.858 | ÷ **50.807** | ÷ 57.412 |
| Ágúst ...... | 313.275 | 41.521 | ÷260.327 | ÷266.000 | ÷171.531 | 104.376 | ÷ **67.155** | ÷ 75.885 |
| September . | 321.838 | 21.470 | ÷260.327 | ÷266.000 | ÷183.019 | 100.593 | ÷ **82.426** | ÷ 93.141 |
| Október ... | 417.238 | 23.505 | ÷260.327 | ÷266.000 | ÷ 85.584 | 106.880 | **21.296** | 24.064 |
| Nóvember . | 461.459 | 26.174 | ÷260.327 | ÷266.000 | ÷ 38.694 | 88.658 | **49.964** | 56.459 |
| Desember .. | 502.009 | 25.378 | ÷260.327 | ÷266.000 | 1.060 | 111.233 | **112.293** | 126.891 |
| 1961: | | | | | | | | |
| Janúar .... | 534.501 | 16.863 | ÷260.327 | ÷266.000 | 25.037 | 108.903 | **133.940** | 151.352 |
| Febrúar ... | 512.095 | 36.360 | ÷260.327 | ÷266.000 | 22.128 | 87.187 | **109.315** | 123.526 |
| Marz ...... | 579.052 | 24.187 | ÷260.327 | ÷266.000 | 76.912 | 54.050 | **130.962** | 147.987 |
| Apríl ...... | 602.073 | 19.624 | ÷260.327 | ÷266.000 | 95.370 | 36.173 | **131.543** | 148.644 |
| Maí ....... | 626.997 | 20.103 | ÷260.327 | ÷266.000 | 120.773 | 12.677 | **133.450** | 150.799 |
| Júní ....... | 680.743 | 7.665 | ÷260.327 | ÷266.000 | 162.081 | ÷ 28.613 | **133.468** | 150.819 |
| Júlí ....... | 669.474 | 29.027 | ÷260.327 | ÷266.000 | 172.174 | ÷ 67.381 | **104.793** | 118.416 |
| Ágúst ...... | 848.257 | 41.906 | ÷294.562 | ÷301.000 | 294.601 | ÷ 64.225 | **230.376** | 230.376 |
| September . | 887.263 | 44.473 | ÷294.562 | ÷301.000 | 336.174 | ÷ 85.456 | **250.718** | 250.718 |
| Október ... | 1.026.838 | 21.439 | ÷294.562 | ÷301.000 | 452.715 | ÷ 63.640 | **389.075** | 389.075 |
| Nóvember . | 1.045.526 | 5.982 | ÷294.562 | ÷301.000 | 455.946 | ÷ 62.324 | **393.622** | 393.622 |
| Desember . | 1.066.038 | 11.276 | ÷294.562 | ÷215.000 | 567.752 | ÷ 41.159 | **526.593** | 526.593 |

**Skýringar við 1. töflu.** Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1955 til janúarloka 1960 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með ágúst 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1955—janúar 1960 með 264,1, en með 113,0 fyrir tímabilið febrúar 1960—júlí 1961.

Í 1. lið töflunnar er aðstaða bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, seðlar og erlend mynt.




*Veltiinnlán.*

ónum árið 1960, en 183 milljónum árið 1961. Í þessum tölum er reiknað með nýja genginu frá ágústmánuði 1961, en til þess tíma á því gengi, sem gilti frá 20. febrúar 1960. Eins og kunnugt er, er í tölum Hagstofunnar reiknað með fob.-verði á útflutningi, en cif.-verði á innflutningi. Með þessu fæst ekki réttur samanburður, þar sem innflutningstölurnar hækka, sem nemur flutningsgjöldum, tryggingum og öðrum kostnaði. Sé bæði inn- og útflutningur reiknaður á fob.-verði og á sama gengi allt árið, kemur í ljós, að vöruskiptajöfnuðurinn hefur verið hagstæður á árinu 1961 um hér um bil 100 millj. kr. Jafnframt sýna bráðabirgðatölur hagstæðari jöfnuð á duldum greiðslum á árinu 1961 en árið áður.

Enn er alllangt í land, að fyrir liggi endanlegar tölur um greiðslujöfnuðinn í heild á árinu 1961, en samkvæmt bráðabirgðaáætlun hefur greiðslujöfnuður á vörum og þjónustu verið hagstæður á árinu um 200—250 millj. kr., en segja má, að þessi tala sýni rekstrarafkomu þjóðarbúsins út á við. Er þetta í fyrsta sinn, sem greiðslujöfnuður þjóðarbúsins út á við er hagstæður, síðan styrjöldinni lauk. Er því óhætt að segja, að náðst hafi mjög mikilvægur árangur í þeirri viðleitni að styrkja stöðu þjóðarinnar gagnvart útlöndum.

Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á árinu 1961 um 400 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi. Þar af batnaði staðan í frjálsum gjaldeyri um 567 millj. kr., en staðan í vöruskiptagjaldeyri versnaði um 167 milljónir, og stafaði það fyrst og fremst af skuldasöfnun við Rússland vegna minni útflutnings þangað. Hin bætta gjaldeyrisstaða bankanna er samkvæmt þessu um 150—200 milljónir umfram þann greiðsluafgang, sem átti sér stað á árinu vegna viðskipta með vörur og þjónustu. Mismunurinn stafar í fyrsta lagi af óafturkræfu framlagi frá Bandaríkjunum, en af því voru 85 millj. kr. notaðar á




*Heildarútlán.*

árinu, og í öðru lagi af ýmsum fjármagnshreyfingum, en þar af var aukning stuttra vörukaupalána innflytjenda 52 milljónir. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu nýjar lántökur til langs tíma á árinu 364 millj. kr., en afborganir slíkra lána 389 milljónum. Virðast því erlendar skuldir þjóðarinnar til langs tíma hafa lækkað nokkuð á árinu. Til samanburðar má geta þess, að á árunum 1956—1960 jukust erlendar skuldir til langs tíma um samtals 1.640 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi, eða að meðaltali um 328 millj. kr. á ári.

Jafnframt þeirri miklu bót, sem átti sér stað á gjaldeyrisstöðu bankanna og greiðslujöfnuðinum á árinu 1961, átti sér stað birgðaaukning á útflutningsvörum, er nam um 186 millj. kr.

*PENINGAMÁLIN.* Þróun peningamála á árinu 1961 var yfirleitt hagstæð, spariinnlán jukust meir en nokkru sinni fyrr, og þrátt fyrir meiri útlánaaukningu en æskileg var batnaði staða bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum, svo að grundvöllur skapaðist fyrir aukinn gjaldeyrisforða. Verður nú rætt um helztu þætti peningamálanna.

Í heild batnaði staða innlendra aðila við Seðlabankann mjög verulega á árinu, en jafnframt jókst gjaldeyriseign hans. Aðstaða banka og annarra peningastofnana við Seðlabankann batnaði um 294 millj. kr. á árinu 1961, og skiptist það í aðalatriðum sem hér segir. Skuldir vegna endurkaupa á afurðavíxlum hækkuðu um 57 millj. kr. Aðstaða banka og sparisjóða gagnvart Seðlabankanum batnaði um 620 milljónir, en skuldir fjárfestingarlánastofnana jukust um 269 milljónir. Hin bætta staða bankanna samfara auknum skuldum fjárfestingarlánastofnana stafaði að verulegu leyti af starfsemi Stofnlánadeildarinnar á árinu, sem rætt er um frekar síðar. Samkvæmt nýjum lögum, sem sett voru um starfsemi deildarinnar, veitti hún lán, er fara skyldu til að breyta stuttum skuldum sjávarútvegsins í löng lán. Jafnframt skyldu viðskiptabankarnir, er við þessum lánum tóku fyrir hönd viðskiptamanna sinna, bæta stöðu sína gagnvart Seðlabankanum jafnmikið og nam útlánaaukningu Stofnlánadeildarinnar. Alls námu útlán Stofnlánadeildarinnar á árinu 1961 298 millj. kr., og fór meginhluti þeirrar upphæðar ýmist til að lækka skuldir viðskiptabankanna við Seðlabankann eða auka innstæður þeirra hjá honum. Varð þetta meðal annars til þess, að Útvegsbankinn greiddi að miklu leyti upp eldri skuldir sínar við Seðlabankann, enda lækkuðu




*Seðlavelta.*

skuldir banka og sparisjóða gegn verðbréfum á árinu úr 141 í 41 millj. kr. og aðrar reikningsskuldir úr 74 milljónum í 6 milljónir. Auk stofnlánadeildarlána átti innlánsbindingin meginþátt í því að auka innstæður banka og annarra innlánsstofnana við Seðlabankann, en alls jukust innstæður á bundnum reikningum um 253 millj. kr. á árinu 1961. Þegar litið er á peningastofnanir í heild, er því óhætt að fullyrða, að innlánsbindingin hafi átt drýgstan þátt í bættri stöðu þessara aðila við Seðlabankann á árinu 1961 og þar með í þeirri aukningu gjaldeyriseignar, sem þá átti sér stað.

Reglur um innlánsbindingu voru fyrst settar á árinu 1960, og var þá gert ráð fyrir, að bundinn yrði helmingur af aukningu innlána á því ári. Við lokauppgjör innlánsbindingar fyrir árið 1960, sem fram fór fyrst á árinu 1961, var ákveðið að lækka bindiskyldu fyrir árið 1960 úr 50% í 30%, og jafnframt var sama bindiskylda ákveðin fyrir árið 1961. Jafnframt var sú nýja regla upp tekin, að lágmarks-innlánsbinding fyrir hverja stofnun á árinu 1961 skyldi vera 3% af heildarinnstæðu.

Staða ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi batnaði úr 35 millj. kr. skuld í árslok 1960 í 39 millj. kr. innstæðu í árslok 1961 eða alls um 74 millj. kr. Hins vegar batnaði aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana í heild um 172 millj. kr., en jafnframt jukust verðbréfakaup Seðlabankans, sem að meginhluta voru vegna þessara aðila, um 89 milljónir, svo að samtals batnaði staðan á þessum reikningsliðum öllum um 83 millj. kr.

Mikil þensla átti sér stað í viðskiptum bankakerfisins á árinu 1961, og jukust útlán, innlán og peningamagn mjög mikið. Aukning spariinnlána nam samtals í bönkum og sparisjóðum 550 millj. kr. á móti 374 millj. kr. aukningu á árinu 1960. Er þetta meiri aukning spariinnlána en nokkru sinni fyrr, og nam hlutfallsleg aukning á árinu 25%. Jafnframt jukust veltiinnlán, það er að segja innstæður á hlaupareikningum og sparisjóðsávísanabókum, einnig mjög mikið eða samtals um 236 millj. kr. eða um 30%. Á árinu 1960 lækkuðu hins vegar veltiinnlán um 35 millj. kr. Verður nánar vikið að þessari þróun veltiinnlána hér á eftir.

Útlánaaukning banka og sparisjóða á árinu 1961 nam 349 millj. kr. á móti 298 millj. kr. útlánum á árinu 1960. Þessi tala um útlánin á árinu 1961 gefur þó ranga mynd af þróuninni, þar sem mjög háum upphæðum af útlánum bankanna var breytt í löng lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins á árinu.




*Peningamagn.*

Alls námu útlán Stofnlánadeildarinnar, sem afgreidd voru 1961, 298 millj. kr. Þessari upphæð þarf því að bæta við útlánaaukningu bankanna, og verður þá aukning heildarútlánanna 647 milljónir, og gefur sú tala rétta mynd af hinni raunverulegu útlánaþróun á árinu. Til samanburðar við þessa aukningu útlána jukust heildarinnlán í bönkum og sparisjóðum á árinu um 786 millj. kr. Útlánaaukningin varð hins vegar allmiklu meiri en aukning spariinnlána, sem hækkuðu á árinu um 550 millj. kr., eins og áður segir. Er þetta óhagstæðari þróun en á árinu 1960, en þá var aukning spariinnlána 77 milljónum meiri en útlánaaukningin.

Þær tölur, sem nú hafa verið raktar, sýna, að átt hafi sér stað meiri peningaþensla á árinu 1961 en árið áður. Kemur það bæði fram í aukinni seðlaveltu, en aukning hennar nam 96 millj. kr., og í aukningu veltiinnlána. Peningamagnið, eins og það er skilgreint í peningamálaskýrslum bankans, það er að segja seðlavelta og tékkareikningar í innlánsstofnunum að frádregnu geymslufé, jókst á árinu 1961 um 315 millj. kr. eða 28%. Þessi mikla aukning peningamagnsins er að verulegu leyti eðlileg með tilliti til verð- og kauphækkana á árinu, svo og aukinnar framleiðslu, og því ekki öruggt merki þess, að hér sé í uppsiglingu óhófleg peningaþensla. Eins og sakir standa, er því ekki tímabært að grípa til sérstakra gagnráðstafana í þessum efnum, en að því getur komið, ef sama þróun heldur áfram. Bankastjórnin telur þá jafnframt nauðsynlegt, að þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í peningamálum og fjármálum að undanförnu, verði í meginatriðum haldið óbreyttri nú enn um sinn.

## *2. tafla. Yfirlitstölur úr reikningum banka og sparisjóða.*

| Í millj. kr. | Peningamagn (seðlar og tékka-reikningar) (1) | Sparifé (að frádregnum innstæðum í ávisanabókum) (2) | Mótvirðisfé og geymslufé (3) | Heildar-útlán viðskiptabanka og sparisjóða (4) | Lán Seðlab. til ríkissjóðs og fjárfest.l.st. nettó (5) | Gjaldeyris-staða bankanna (6) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1955 . . . . . | 716,7 | 1.098,2 | 234,6 | 2.210,4 | 164,0 | 108,3 |
| „ 1956 . . . . . | 770,5 | 1.234,4 | 234,5 | 2.463,0 | 150,3 | 62,1 |
| „ 1957 . . . . . | 891,6 | 1.396,6 | 280,1 | 2.744,6 | 167,0 | 14,5 |
| „ 1958 . . . . . | 1.037,5 | 1.578,3 | 325,4 | 3.279,3 | 131,7 | 86,5 |
| Mánaðarlok 1959: | | | | | | |
| Janúar . . . . . . . | 1.012,6 | 1.591,5 | 319,9 | 3.277,4 | 131,4 | 67,3 |
| Febrúar . . . . . | 978,9 | 1.607,9 | 314,8 | 3.271,1 | 112,9 | 91,2 |
| Marz . . . . . . . | 972,6 | 1.612,4 | 338,1 | 3.323,4 | 124,4 | 67,2 |
| Apríl . . . . . . . . | 998,0 | 1.634,6 | 325,7 | 3.447,7 | 87,6 | 58,7 |
| Maí . . . . . . . . . | 1.119,4 | 1.659,5 | 319,9 | 3.550,6 | 155,7 | 34,9 |
| Júní . . . . . . . . . | 1.131,2 | 1.704,8 | 330,7 | 3.599,4 | 191,4 | 13,8 |
| Júlí . . . . . . . . . | 1.140,2 | 1.731,7 | 334,9 | 3.630,7 | 236,5 | 16,0 |
| Ágúst . . . . . . . | 1.158,7 | 1.746,5 | 342,2 | 3.694,2 | 252,4 | ÷ 8,8 |
| September . . . . . | 1.178,9 | 1.763,0 | 362,9 | 3.772,8 | 258,8 | ÷ 47,4 |
| Október . . . . . . | 1.150,2 | 1.765,1 | 367,4 | 3.784,2 | 227,7 | ÷ 12,0 |
| Nóvember . . . . . | 1.085,6 | 1.769,2 | 354,5 | 3.821,0 | 169,9 | ÷ 35,3 |
| Desember . . . . . | 1.146,1 | 1.828,6 | 312,3 | 3.899,1 | 110,2 | ÷ 54,4 |
| Mánaðarlok 1960: | | | | | | |
| Janúar . . . . . . . | 1.092,6 | 1.817,6 | 279,0 | 3.866,2 | 62,1 | ÷ 91,7 |
| Febrúar . . . . . | 1.053,6 | 1.824,7 | 278,7 | 3.858,9 | 85,8 | ÷191,2 |
| Marz . . . . . . . | 1.053,7 | 1.823,5 | 305,0 | 3.826,4 | 83,0 | ÷ 41,7 |
| Apríl . . . . . . . | 1.114,7 | 1.865,6 | 317,8 | 3.909,9 | 67,2 | 40,6 |
| Maí . . . . . . . . . | 1.162,3 | 1.908,6 | 345,6 | 4.020,9 | 105,4 | 39,5 |
| Júní . . . . . . . . . | 1.138,2 | 1.935,5 | 347,6 | 4.074,6 | 82,9 | 34,9 |
| Júlí . . . . . . . . . | 1.153,1 | 1.983,7 | 359,3 | 4.117,0 | 199,4 | ÷ 50,8 |
| Ágúst . . . . . . . | 1.140,4 | 2.007,0 | 360,5 | 4.214,7 | 182,5 | ÷ 67,2 |
| September . . . . . | 1.147,3 | 2.011,0 | 342,8 | 4.282,1 | 157,8 | ÷ 82,4 |
| Október . . . . . | 1.127,0 | 2.033,4 | 350,3 | 4.250,7 | 149,6 | 21,3 |
| Nóvember . . . . | 1.079,5 | 2.025,8 | 335,4 | 4.272,5 | 79,0 | 50,0 |
| Desember . . . . | 1.117,1 | 2.202,6 | 313,7 | 4.196,7 | 85,7 | 112,3 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | |
| Janúar . . . . . | 1.114,4 | 2.205,8 | 296,9 | 4.114,7 | 132,7 | 133,9 |
| Febrúar . . . . . | 1.093,1 | 2.220,1 | 305,2 | 4.132,3 | 149,8 | 109,3 |
| Marz . . . . . . . | 1.134,4 | 2.239,4 | 313,2 | 4.213,1 | 163,8 | 131,0 |
| Apríl . . . . . . . | 1.201,1 | 2.270,2 | 315,6 | 4.293,8 | 147,8 | 131,5 |
| Maí . . . . . . . . . | 1.244,1 | 2.320,3 | 322,8 | 4.429,2 | 151,8 | 133,5 |
| Júní . . . . . . . . . | 1.255,4 | 2.362,5 | 336,6 | 4.474,9 | 247,0 | 133,5 |
| Júlí . . . . . . . . . | 1.359,3 | 2.413,8 | 333,4 | 4.568,6 | 277,4 | 104,8 |
| Ágúst . . . . . . . | 1.524,0 | 2.450,0 | 317,6 | 4.659,9 | 266,3 | 230,4 |
| September . . . . . | 1.473,1 | 2.500,5 | 329,4 | 4.713,4 | 300,4 | 250,7 |
| Október . . . . . | 1.519,9 | 2.553,7 | 346,0 | 4.714,3 | 323,1 | 389,1 |
| Nóvember . . . . . | 1.458,9 | 2.563,2 | 361,1 | 4.667,1 | 256,6 | 393,6 |
| Desember . . . . . | 1.432,4 | 2.752,2 | 305,8 | 4.544,0 | 344,8 | 526,6 |

1) Peningamagn: Samanlögð seðlavelta, innstæður í sparisjóðsávísanareikningum og hlaupareikningum viðskiptabanka og sparisjóða að frádregnu geymslufé vegna innflutnings og enn fremur hlaupareikningsinnstæður í Seðlabankanum aðrar en innstæður ríkissjóðs og mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480 lána).

2) Mótvirðisfé og geymslufé: Auk mótvirðisfjár á reikningum Seðlabankans er hér með talið mótvirði bandarískra vörukaupalána og geymslufé vegna innflutnings.

3) Heildarútlán: Sama tala og í 9. dálki 4. töflu.

4) Lán Seðlabanka til ríkissjóðs og fjárfestingarlánast., nettó: Samanlagðar tölur úr 2., 5. og 6. dálki í 3. töflu.

5) Gjaldeyrisstaða bankanna: Sama tala og í 7. dálki 1. töflu.

## *3. tafla. Úr reikningum Seðlabankans.*

| *Í millj. kr.* | *Seðla-velta* (1) | *Aðstaða ríkissj. og ríkisstofn. (nettó)* (2) | *Endurk. víxlar* (3) | *Aðstaða banka og sparisjóða (nettó)* (4) | *Aðstaða fjárfest.-lánastofnana (nettó)* (5) | *Verð-bréf* (6) | *Mótvirðisfé* (7) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árslok 1955 . .. | 313,3 | ÷ 72,7 | ÷ 377,2 | ÷ 89,6 | ÷ 67,9 | ÷ 23,4 | 191,5 |
| Árslok 1956 . .. | 347,9 | ÷ 70,9 | ÷ 416,2 | ÷ 92,7 | ÷ 44,2 | ÷ 35,2 | 190,4 |
| Árslok 1957 . .. | 362,8 | ÷ 76,9 | ÷ 457,8 | ÷ 79,1 | ÷ 46,5 | ÷ 43,6 | 198,1 |
| Árslok 1958 . .. | 407,4 | ÷ 40,8 | ÷ 644,6 | ÷ 74,1 | ÷ 39,1 | ÷ 51,8 | 207,8 |
| Mánaðarlok 1959: | | | | | | | |
| Janúar . . . . . | 377,9 | ÷ 41,0 | ÷ 598,7 | ÷ 109,0 | ÷ 35,8 | ÷ 54,6 | 214,4 |
| Febrúar . . . .. | 367,6 | ÷ 20,4 | ÷ 552,2 | ÷ 151,7 | ÷ 38,3 | ÷ 54,2 | 211,2 |
| Marz . . . .. .. | 366,4 | ÷ 25,1 | ÷ 606,3 | ÷ 116,9 | ÷ 45,9 | ÷ 53,4 | 218,5 |
| Apríl . . . .. .. | 376,7 | 48,1 | ÷ 727,8 | ÷ 63,4 | ÷ 35,1 | ÷ 100,6 | 213,6 |
| Maí . . . . . . .. | 408,8 | ÷ 22,8 | ÷ 806,6 | 28,1 | ÷ 33,7 | ÷ 99,2 | 216,5 |
| Júní . . . . . .. | 410,6 | ÷ 60,7 | ÷ 802,7 | 3,7 | ÷ 34,7 | ÷ 96,0 | 230,0 |
| Júlí . .. .. .. | 422,2 | ÷ 86,3 | ÷ 795,3 | 20,6 | ÷ 54,6 | ÷ 95,6 | 242,8 |
| Ágúst .. .. .. | 421,0 | ÷ 100,7 | ÷ 848,3 | 57,7 | ÷ 54,9 | ÷ 96,8 | 235,8 |
| September . .. | 434,5 | ÷ 117,1 | ÷ 881,2 | 35,6 | ÷ 46,2 | ÷ 95,5 | 243,6 |
| Október . . . .. | 423,1 | ÷ 93,1 | ÷ 911,6 | 77,4 | ÷ 39,3 | ÷ 95,3 | 241,6 |
| Nóvember . .. | 413,4 | ÷ 44,3 | ÷ 863,9 | ÷ 24,4 | ÷ 33,3 | ÷ 92,3 | 239,3 |
| Desember . .. | 412,2 | 23,2 | ÷ 857,5 | ÷ 83,0 | ÷ 37,0 | ÷ 95,5 | 226,9 |
| Mánaðarlok 1960: | | | | | | | |
| Janúar . . . . . | 372,2 | 62,8 | ÷ 780,8 | ÷ 189,8 | ÷ 27,1 | ÷ 97,8 | 218,8 |
| Febrúar . . . .. | 354,7 | 51,8 | ÷ 768,5 | ÷ 197,4 | ÷ 28,2 | ÷ 109,4 | 214,8 |
| Marz . . . .. .. | 348,8 | 70,1 | ÷ 796,0 | ÷ 99,0 | ÷ 45,7 | ÷ 107,4 | 232,1 |
| Apríl . . . .. .. | 372,2 | 72,3 | ÷ 882,4 | 11,0 | ÷ 39,2 | ÷ 100,3 | 236,0 |
| Maí . . . . . . .. | 403,0 | 37,6 | ÷ 905,1 | 31,2 | ÷ 42,4 | ÷ 100,6 | 243,0 |
| Júní . . . .. .. | 397,1 | 59,3 | ÷ 875,8 | ÷ 20,1 | ÷ 37,1 | ÷ 105,1 | 247,9 |
| Júlí . .. .. .. | 414,7 | ÷ 35,9 | ÷ 837,4 | ÷ 64,9 | ÷ 46,7 | ÷ 110,8 | 259,1 |
| Ágúst .. .. .. | 407,1 | ÷ 22,3 | ÷ 895,8 | ÷ 31,9 | ÷ 48,9 | ÷ 111,3 | 259,3 |
| September . .. | 422,5 | 3,5 | ÷ 931,3 | ÷ 29,2 | ÷ 50,4 | ÷ 110,9 | 250,7 |
| Október . . .. | 408,0 | 13,9 | ÷ 889,9 | 6,1 | ÷ 49,0 | ÷ 114,5 | 256,3 |
| Nóvember .. | 395,2 | 114,9 | ÷ 831,1 | ÷ 80,8 | ÷ 33,8 | ÷ 113,1 | 250,9 |
| Desember . .. | 414,0 | 55,4 | ÷ 737,2 | ÷ 76,2 | ÷ 28,8 | ÷ 112,3 | 232,2 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | | |
| Janúar . . . .. | 369,7 | 12,3 | ÷ 643,5 | ÷ 11,2 | ÷ 23,5 | ÷ 121,5 | 219,3 |
| Febrúar . . .. | 367,7 | ÷ 6,5 | ÷ 572,1 | ÷ 62,2 | ÷ 21,4 | ÷ 121,9 | 226,1 |
| Marz .. .. .. | 391,6 | ÷ 8,1 | ÷ 609,8 | ÷ 30,3 | ÷ 37,0 | ÷ 118,7 | 232,9 |
| Apríl . . . .. .. | 401,6 | ÷ 17,6 | ÷ 692,4 | 34,2 | ÷ 10,8 | ÷ 119,3 | 235,4 |
| Maí . . . . . . .. | 429,0 | ÷ 24,1 | ÷ 738,3 | 24,3 | ÷ 4,7 | ÷ 123,0 | 240,3 |
| Júní . . . . . .. | 434,1 | ÷ 110,2 | ÷ 714,5 | 66,0 | ÷ 4,5 | ÷ 132,2 | 242,4 |
| Júlí . . . . . .. | 455,5 | ÷ 126,4 | ÷ 754,1 | 121,3 | ÷ 10,6 | ÷ 140,4 | 242,2 |
| Ágúst . . . .. | 470,5 | ÷ 66,5 | ÷ 858,2 | 285,3 | ÷ 61,0 | ÷ 138,8 | 231,0 |
| September ... | 493,2 | ÷ 15,8 | ÷ 885,0 | 314,9 | ÷ 114,5 | ÷ 169,7 | 239,5 |
| Október ...... | 471,5 | 33,2 | ÷ 892,5 | 447,4 | ÷ 190,0 | ÷ 166,3 | 248,8 |
| Nóvember .... | 479,6 | 126,7 | ÷ 829,1 | 398,2 | ÷ 218,6 | ÷ 164,7 | 256,3 |
| Desember .... | 509,9 | 154,6 | ÷ 794,7 | 543,7 | ÷ 297,7 | ÷ 201,7 | 205,2 |

1) Tölur í 2., 4. og 5. dálki sýna reikningsstöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, banka og sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann.
2) Mótvirðisfé: Þarna er auk mótvirðisfjár á nafni ríkissjóðs og Framkvæmdabankans talið mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480).

## *4. tafla. Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða.*

| Í millj. kr. | Spariinnlán | | | Veltiinnlán (að meðtöldu geymslufé og innstæðum í ávísanabókum) | | | Útlán | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bankar (þar með Verzlsp.) | Sparisjóðir | Samtals | Bankar (þar með Verzlsp.) | Sparisjóðir | Samtals | Bankar (þar með Verzlsp.) | Sparisjóðir | Samtals |
| | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) |
| Árslok 1955 | 830,1 | 268,1 | 1.098,2 | 434,5 | 12,0 | 446,5 | 1.948,3 | 262,1 | 2.210,4 |
| Árslok 1956 | 913,5 | 320,9 | 1.234,4 | 450,2 | 16,3 | 466,5 | 2.154,8 | 308,2 | 2.463,0 |
| Árslok 1957 | 1.032,4 | 364,2 | 1.396,6 | 584,8 | 26,1 | 610,9 | 2.398,9 | 345,7 | 2.744,6 |
| Árslok 1958 | 1.146,3 | 432,0 | 1.578,3 | 720,8 | 26,5 | 747,3 | 2.870,6 | 408,7 | 3.279,3 |
| Mánaðarlok 1959: | | | | | | | | | |
| Janúar | 1.154,5 | 437,0 | 1.591,5 | 711,4 | 28,3 | 739,7 | 2.857,2 | 420,2 | 3.277,4 |
| Febrúar | 1.171,3 | 436,6 | 1.607,9 | 689,7 | 21,7 | 711,4 | 2.852,9 | 418,2 | 3.271,1 |
| Marz | 1.183,4 | 429,0 | 1.612,4 | 705,2 | 20,1 | 725,3 | 2.913,7 | 409,7 | 3.323,4 |
| Apríl | 1.197,1 | 437,5 | 1.634,6 | 712,4 | 20,6 | 733,0 | 3.031,6 | 416,1 | 3.447,7 |
| Maí | 1.211,8 | 447,7 | 1.659,5 | 784,2 | 26,1 | 810,3 | 3.129,2 | 421,4 | 3.550,6 |
| Júní | 1.235,4 | 469,4 | 1.704,8 | 790,9 | 26,3 | 817,2 | 3.168,2 | 431,2 | 3.599,4 |
| Júlí | 1.265,5 | 466,2 | 1.731,7 | 778,8 | 28,4 | 807,2 | 3.186,5 | 444,2 | 3.630,7 |
| Ágúst | 1.277,0 | 469,5 | 1.746,5 | 807,5 | 35,8 | 843,3 | 3.245,1 | 449,1 | 3.694,2 |
| September | 1.284,5 | 478,5 | 1.763,0 | 825,6 | 32,3 | 857,9 | 3.311,5 | 461,3 | 3.772,8 |
| Október | 1.281,6 | 483,5 | 1.765,1 | 817,6 | 34,6 | 852,2 | 3.316,7 | 467,5 | 3.784,2 |
| Nóvember | 1.284,1 | 485,1 | 1.769,2 | 760,9 | 25,8 | 786,7 | 3.339,3 | 481,7 | 3.821,0 |
| Desember | 1.319,1 | 509,5 | 1.828,6 | 776,4 | 41,0 | 817,4 | 3.397,5 | 501,6 | 3.899,1 |
| Mánaðarlok 1960: | | | | | | | | | |
| Janúar | 1.305,7 | 511,9 | 1.817,6 | 749,7 | 27,2 | 776,9 | 3.370,7 | 495,5 | 3.866,2 |
| Febrúar | 1.317,7 | 507,0 | 1.824,7 | 739,8 | 18,6 | 758,4 | 3.375,6 | 483,3 | 3.858,9 |
| Marz | 1.333,2 | 490,3 | 1.823,5 | 753,0 | 20,7 | 773,7 | 3.346,9 | 479,5 | 3.826,4 |
| Apríl | 1.369,4 | 496,2 | 1.865,6 | 792,3 | 28,3 | 820,6 | 3.418,1 | 491,8 | 3.909,9 |
| Maí | 1.398,0 | 509,6 | 1.908,6 | 828,2 | 31,7 | 859,9 | 3.525,2 | 495,7 | 4.020,9 |
| Júní | 1.421,6 | 513,0 | 1.935,5 | 808,3 | 30,2 | 838,5 | 3.580,5 | 494,1 | 4.074,6 |
| Júlí | 1.462,9 | 520,8 | 1.983,7 | 780,0 | 36,3 | 816,3 | 3.612,6 | 504,4 | 4.117,0 |
| Ágúst | 1.478,4 | 528,6 | 2.007,0 | 791,2 | 40,7 | 831,9 | 3.700,1 | 514,6 | 4.214,7 |
| September | 1.480,7 | 530,3 | 2.011,0 | 771,7 | 41,7 | 813,4 | 3.762,8 | 519,3 | 4.282,1 |
| Október | 1.495,5 | 537,9 | 2.033,4 | 770,0 | 41,0 | 811,0 | 3.719,6 | 531,1 | 4.250,7 |
| Nóvember | 1.489,6 | 536,2 | 2.025,8 | 733,2 | 33,4 | 766,6 | 3.733,0 | 539,5 | 4.272,5 |
| Desember | 1.616,4 | 586,2 | 2.202,6 | 744,6 | 37,6 | 782,3 | 3.651,0 | 545,7 | 4.196,7 |
| Mánaðarlok 1961: | | | | | | | | | |
| Janúar | 1.634,3 | 571,5 | 2.205,8 | 775,8 | 43,7 | 819,5 | 3.574,8 | 539,9 | 4.114,7 |
| Febrúar | 1.645,3 | 574,8 | 2.220,1 | 760,5 | 41,4 | 801,9 | 3.589,6 | 542,7 | 4.132,3 |
| Marz | 1.658,4 | 581,0 | 2.239,4 | 787,8 | 33,2 | 821,0 | 3.662,1 | 551,0 | 4.213,1 |
| Apríl | 1.683,6 | 586,6 | 2.270,2 | 839,8 | 37,0 | 876,8 | 3.736,0 | 557,8 | 4.293,8 |
| Maí | 1.716,8 | 603,5 | 2.320,3 | 856,6 | 38,4 | 895,0 | 3.862,1 | 567,1 | 4.429,2 |
| Júní | 1.748,3 | 614,2 | 2.362,5 | 872,3 | 40,7 | 913,0 | 3.896,4 | 578,5 | 4.174,9 |
| Júlí | 1.781,3 | 632,5 | 2.413,8 | 943,4 | 49,2 | 992,6 | 3.981,1 | 587,5 | 4.568,6 |
| Ágúst | 1.806,3 | 643,7 | 2.450,0 | 1.062,2 | 74,9 | 1.137,1 | 4.058,7 | 601,2 | 4.659,9 |
| September | 1.843,8 | 656,7 | 2.500,5 | 1.008,2 | 58,5 | 1.066,7 | 4.093,0 | 620,4 | 4.713,4 |
| Október | 1.870,6 | 683,1 | 2.553,7 | 1.080,1 | 62,6 | 1.142,7 | 4.065,8 | 648,5 | 4.714,3 |
| Nóvember | 1.879,5 | 683,7 | 2.563,2 | 1.025,7 | 55,0 | 1.080,7 | 4.016,9 | 650,2 | 4.667,1 |
| Desember | 2.013,2 | 739,0* | 2.752,2 | 964,0 | 54,1* | 1.018,1 | 3.886,4 | 657,6* | 4.544,0 |

1) Innlánin, eins og þau koma fram í töflunni, eru nettóinnlán, þ. e. að frádregnum innlánum stofnana hverrar hjá annarri.
2) Spariinnlán eru hér tilgreind að frádregnum innstæðum í sparisjóðsávísanabókum.
3) Með veltiinnlánum er talið geymslufé vegna innflutnings og innstæður í sparisjóðsávísanabókum.
*) Bráðabirgðatölur.

*5. tafla. Innlán og útlán banka og sparisjóða.*

| | 1957 | 1958 | 1959 | 1960 | 1961 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Sparifé:** | | | | | |
| Landsbanki | 507,0 | 553,2 | 622,7 | 765,9 | 947,5 |
| Útvegsbanki | 238,0 | 261,8 | 311,2 | 375,0 | 442,3 |
| Búnaðarbanki | 176,5 | 197,0 | 214,2 | 268,7 | 337,8 |
| Iðnaðarbanki | 54,9 | 60,5 | 76,4 | 94,5 | 119,9 |
| Verzlunarbanki | 56,0 | 73,8 | 94,6 | 112,4 | 165,7 |
| Samtals | 1.032,4 | 1.146,3 | 1.319,1 | 1.616,5 | 2.013,2 |
| 5 stærstu sparisjóðir | 189,4 | 227,5 | 262,2 | 296,0 | 386,7 |
| Aðrir sparisjóðir | 174,8 | 204,5 | 247,3 | 290,2 | 352,3 |
| Sparifé alls | 1.396,6 | 1.578,3 | 1.828,6 | 2.202,7 | 2.752,2 |
| **Veltiinnlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 263,9 | 333,1 | 351,6 | 384,6 | 541,6 |
| Útvegsbanki | 163,8 | 200,9 | 228,4 | 176,6 | 207,3 |
| Búnaðarbanki | 105,8 | 110,8 | 95,3 | 86,1 | 98,4 |
| Iðnaðarbanki | 30,6 | 34,0 | 42,2 | 39,0 | 44,4 |
| Verzlunarbanki | 20,7 | 42,0 | 58,9 | 58,5 | 72,2 |
| Samtals | 584,8 | 720,8 | 776,4 | 744,8 | 963,9 |
| 5 stærstu sparisjóðir | 13,2 | 12,1 | 21,5 | 18,2 | 27,8 |
| Aðrir sparisjóðir | 12,9 | 14,4 | 19,5 | 19,5 | 26,3 |
| Veltiinnlán alls | 610,9 | 747,3 | 817,4 | 782,5 | 1.018,0 |
| **Útlán:** | | | | | |
| Landsbanki | 1.333,4 | 1.575,6 | 1.883,7 | 1.935,0 | 2.072,0 |
| Útvegsbanki | 597,0 | 741,4 | 880,0 | 987,0 | 991,1 |
| Búnaðarbanki | 308,6 | 352,7 | 373,4 | 436,9 | 448,4 |
| Iðnaðarbanki | 89,7 | 97,9 | 123,5 | 136,6 | 162,2 |
| Verzlunarbanki | 70,2 | 103,0 | 136,9 | 155,5 | 212,7 |
| Samtals | 2.398,9 | 2.870,6 | 3.397,5 | 3.651,0 | 3.886,4 |
| 5 stærstu sparisjóðir | 187,6 | 225,7 | 277,2 | 294,4 | 364,8 |
| Aðrir sparisjóðir | 158,1 | 183,0 | 224,4 | 251,3 | 292,8 |
| Útlán alls | 2.744,6 | 3.279,3 | 3.899,1 | 4.196,7 | 4.544,0 |

# 2. Starfsemi Seðlabankans

*NÝ LÖG UM SEÐLABANKANN.* Á árinu 1961 urðu þáttaskil í sögu Seðlabankans með nýrri löggjöf, sem sett var um Seðlabanka Íslands og gefin út sem lög nr. 10 29. marz. Með lög-

LEIÐRÉTTINGAR:

Bls. 19 I. dálkur, 12. lína að ofan:
í stað nr. 6 komi nr. 4.

II. dálkur, 16. lína að neðan:
í stað 68,1 millj. komi 77,6 millj.

II. dálkur, 10. lína að neðan:
í stað 23,5 millj. komi 33,0 millj.

komið á fót og tekið hefur við þeim verkefnum, sem sparisjóðseftirlitið áður hafði. Er ráðgert, að bankaeftirlitið komi á traustu og reglulegu eftirliti með starfsemi innlánsstofnana, en jafnframt er ráðgert, að það geti innt af hendi bæði leiðbeiningar og ýmiss konar þjónustu, er geti orðið hinum minni sparisjóðum til aðstoðar í starfi þeirra. Einnig er í lögunum gert ráð fyrir því,

að Seðlabankinn skipuleggi verðbréfaviðskipti og vinni að því, að á komist kaupþing hér á landi. Er hér tvímælalaust um að ræða mikilvægt verkefni, en úr því verður ekki leyst nema með
...ndirbúningsstarfi, og er þá ekki
...ðsynlegt að gefa út nýjar teg-
...rðbréfa, sem ætla má að henti
á slíkum markaði. Loks má
...ekstur greiðslujöfnunarkerfis,
...t ávísanaskipti fyrir peninga-
...r og greiði á annan hátt fyrir
...viðskiptum. Þessa starfsemi
...eðlabankinn þegar annazt í
...ár, en ástæða er til að auka
...bæta, enda er mikil þörf á því,
...rbætur eigi sér stað í meðferð
...öðrum greiðsluviðskiptum hér
...nds.

...verkefni og mörg önnur, sem
...nkinn þarf að sinna, krefjast
...aðstöðu. Er því bankanum mik-
...yn að koma sér upp nýju húsnæði fyrir starfsemi sína. Seðlabankinn er nú í mjög þröngu sambýli við Landsbankann, sem segja má að standi starfsemi beggja stofnananna fyrir þrifum, og þá ekki sízt að því er varðar endurbætur í starfstilhögun og bætta þjónustu við viðskiptamenn bankanna. Má á það benda, að aðalbankabyggingin var reist árið 1923, þegar starfsmannafjöldi Landsbank-

ans var aðeins 35. Átján árum síðar eða 1941 var bætt við nýrri viðbyggingu, aðallega við afgreiðslusal, og voru þá starfsmenn bankanna beggja orðnir 108. Síðan hefur ekki bætzt við húsakynni aðalbankans annað en hlutar úr tveimur gömlum húsum, sem tekin hafa verið undir starfsemina. Er nú svo komið, að í þessum húsakynnum starfar samtals 251 maður. Bankastjórnin ákvað því í samráði við bankaráð að festa kaup á lóðinni nr. 6 við Lækjargötu. Er þetta stór og góð lóð og ætti að henta vel fyrir framtíðaraðsetur Seðlabankans. Þegar endanlegt skipulag liggur fyrir á þessum slóðum, er ætlun bankastjórnarinnar, að hafizt verði handa um teikningar að væntanlegri bankabyggingu.

Seðlabankalögin nýju höfðu í för með sér ýmsar reikningsfærslur, sem nú skulu raktar í megindráttum. Samkvæmt lögunum tekur Seðlabanki Íslands við öllum eignum og skuldum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum hans, sem alls nam 244,2 millj. kr. hinn 31. marz, var ákveðið, að 100,0 millj. kr. skyldu verða stofnfé Seðlabankans, en 144,6 millj. kr. teljast til annarra varasjóða hans.

Í lögunum um Seðlabanka er ákveðið, að hann skuli fyrir hönd ríkisins vera fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Kom því inn nýr eignaliður á reikning bankans, kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hins vegar féll niður skuld ríkissjóðs á hlaupareikningi vegna framlags til sjóðsins, en sú skuld nam 98,4 millj. kr. hinn 31. maí sl., þegar færslur fóru fram vegna þessarar breytingar. Í samræmi við þessa breytingu hefur liðnum innstæður Alþjóðabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðs verið skipt í tvennt, þannig að nú kemur saman í einum lið yfirdráttarlán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem nú er skuld Seðlabankans, og innstæða vegna krónuframlags til sjóðsins.

Í bráðabirgðaákvæðum Seðlabankalaganna er fjármálaráðuneytinu heimilað að semja við Seðlabankann um það, að inn á gengisreikning ríkissjóðs, sem varð til vegna gengistaps ríkissjóðs og bankanna 1960, verði greiddar óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs vegna mótvirðissjóðs, alls 62,5 millj. kr., svo og sérstakar mótvirðisinnstæður Framkvæmdabankans að upphæð 50,0 millj. kr. Jafnframt taki Seðlabankinn að sér að greiða eftirstöðvar skuldarinnar á gengisreikningi. Lagaheimild þessi um gengisreikninginn var með samkomulagi við fjármálaráðuneytið notuð í árslok 1961, og voru þá greiddar inn á reikninginn þær mótvirðisinnstæður, sem áður er getið, 112,5 millj. kr., og nam þá skuld á reikningnum 68,1 millj. kr., en hana tók Seðlabankinn að sér að greiða. Jafnframt var þá nafni reikningsins breytt, og kallast hann nú gengistapsreikningur. Af varasjóðum bankans voru síðan með samþykkt bankaráðs greiddar 23,5 millj. kr. inn á gengistapsreikning og 4,6 millj. kr. af rekstrarafgangi árið 1961, þannig að skuldin nemur nú 40,0 millj. kr., og verður sú upphæð að greiðast af rekstrartekjum bankans á næstu árum.

*REIKNINGSHREYFINGAR SEÐLABANKANS.* Í árslok 1961 var niðurstöðutala á efnahagsreikningi Seðlabankans 3.335,9 millj. kr., en var

2.311,8 millj. kr. í árslok 1960 og hækkaði því um 1.024,1 millj. kr. á árinu. Af þessari hækkun urðu um 130 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar hinn 4. ágúst sl. Hér á eftir verður nú getið helztu hreyfinga á reikningum bankans 1961 og ýmsar tölulegar breytingar raktar nánar en í kaflanum um peningamálin framar í skýrslunni, og eru þá óhjákvæmilegar nokkrar endurtekningar.

Í árslok námu erlendar eignir bankans, að gullframlagi til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins meðtöldu, 1.336,1 millj. kr., en í árslok 1960 voru þær 788,8 millj. kr. og jukust því um 547,3 millj. kr. á árinu. Þess ber að gæta, að þarna er miðað við það gengi, sem í gildi var á hvorum tíma. Ef miðað er við gengið, eins og það var í árslok 1961, hefur aukningin orðið um 445 millj. kr. Inneign í frjálsum gjaldeyri hjá erlendum bönkum lækkaði á árinu um 32,5 millj. kr., en inneign í vöruskiptagjaldeyri jókst um 21,1 millj. kr. Á árinu varð geysileg aukning á erlendri verðbréfaeign bankans eða alls 598,2 millj. kr. Í árslok átti Seðlabankinn bandarísk og önnur dollaraverðbréf að upphæð 11,3 millj. dollara, brezk verðbréf að upphæð 2,5 millj. punda og 7,0 millj. s. kr. í sænskum ríkisskuldabréfum, en samtals voru þetta 808,9 millj. kr.

Erlendir skuldaliðir bankans námu alls 1.023,2 millj. kr. í árslok 1961 og höfðu hækkað um 57,8 millj. kr. Af þessari upphæð voru 245,1 millj. kr. lán til langs tíma, þ. e. rússneskt yfirdráttarlán og skuld við E. P. U., en þessar tvær skuldir lækkuðu á árinu um 14,1 millj. kr. Á árinu voru greiddar 2 millj. dollara af láni, sem tekið var hjá Evrópusjóðnum í febrúar 1960 og var upphaflega 7 millj. dollara. Eftirstöðvar þess voru því 215,0 millj. kr. í árslok 1961. Nettógjaldeyrisstaða Seðlabankans, að undanskildum ofangreindum löngum lánum á reikningum bankans, var í árslok 1961 557,9 millj. kr., en 82,6 millj. kr. í árslok 1960 og batnaði því um 475,3 millj. kr. á árinu. Er hér miðað við gildandi gengi á hverjum tíma.

